



Spjaldtölvur í sérkennslu í leik- og grunnskólum Hafnarfjarðar.

Skýrsla þróunarverkefnis á vorönn 2013

Björk Alfreðsdóttir sérkennslufulltrúi leikskóla

Helgi Gíslason sérkennslufulltrúi grunnskóla

ásamt starfshópi kennara úr leik- og grunnskólum Hafnarfjarðar og
fulltrúum Tölvudeildar Hafnarfjarðar.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
1. Verkefnið.....	3
2. Þátttakendur	3
3. Fræðsla og samráð	4
4. Hvernig voru spjaldtölvurnar notaðar?.....	4
4.1 Sérkennsla í leikskólum.....	5
4.2 Almenn kennsla í leikskólum.....	6
4.3 Sérkennsla í grunnskólum	6
4.4 Notkun í almennum bekkjum í grunnskólinn.....	7
5. Kostir og hindranir	7
5.1 Kostir spjaldtölvunnar í skólastarfi (sérkennsla)	7
5.2 Hindranir varðandi notkun spjaldtölvunnar í skólastarfi (sérkennslu)	8
6. Tillögur	9
6.1 Tillögur um næstu skref	9
6.2 Til viðbótar	9
6.3 Til umhugsunar	9
7. Lokaorð og þakkir.....	10
Fylgiskjöl.....	11

1. Verkefnið

Í janúar ákváðu bæjaryfirvöld í Hafnarfirði að setja af stað eftirfarandi verkefni:

Í janúar/febrúar verða teknar í notkun 15 spjaldtölvar í 2 grunnskólum og 1 leikskóla í Hafnarfirði. Um tilraunaverkefni er að ræða og miðað er við að verkefnið beinist að sérkennslu. Notkunarteymi eru þrjú, eitt í hverjum skóla og skila þau sameiginlegri skýrslu fyrir lok maí 2013 til skólaskrifstofu þar sem sett eru fram drög að stefnumótun til næstu tveggja ára um notkun spjaldtölva í skólastarfi með tilliti til sérkennslu. Hafa þarf í huga að að setja þarf upp þráðlaus net í þeim skólum sem verða fyrir valinu.

Sérkennslufulltrúum leik- og grunnskóla á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar var falið að stýra verkefninu. Gerðu þeir tillögu til fræðslustjóra um að 2 leikskólar og 3 grunnskólar tækju þátt í verkefninu. Sérkennslufulltrúar útbjuggu verk- og tímaáætlun, tölvudeild valdi tegund spjaldtölva, sá um innkaup á þeim og hlífum sem fylgdu hverri spjaldtölву. Fyrir valinu urðu Ipad spjaldtölur frá Apple, 16 gigabæt. Verktími verkefnisins var febrúar til júní 2013. Rekstrarstjóri annaðist uppgjör við þátttakendur varðandi kaup á forritum.

2. Þátttakendur

Eftirtaldir skólar og starfsfólk þeirra tóku þátt í verkefninu:

- **Öldutúnskóli:**

Fimm kennrar með fjórar spjaldtölur (deildarstjóri sérkennslu, þrír kennrar úr sérdeild fyrir unglings, umsjónarkennari vegna nemanda með CP-lömun).

- **Hraunvallagrunnskóli:**

Fjórir kennrar með fjórar spjaldtölur (deildarstjóri sérkennslu, tveir umsjónarkennrar vegna nemanda með námserfiðleika, sérkennari úr öðrum bekk).

- **Hraunvallaleikskóli**

Leikskólinn fékk til umráða tvær spjaldtölur, tengiliðir voru sérkennslustjóri og aðstoðarleikskólastjóri.

- **Lækjarskóli:**

Einn kennari úr sérdeild fyrir nemendur með þroskaraskanir (yngsta stig) með eina spjaldtölvu.

- **Víðivellir:**

Leikskólinn fékk til umráða tvær spjaldtölur, tengiliðir voru leikskólastjóri og þroskabjálfir.

Sérkennslufulltrúar leik- og grunnskóla fengu sína spjaldtölvuna hvor til afnota á meðan á verkefninu stóð.

Gerður var samningur við þessa skóla. Dæmi um slíkan samning er í *fylgiskjali* 1. Í samningunum kom fram að markmið verkefnisins var að prófa spjaldtölvur í skólastarfi með áherslu á notkun í sérkennslu. Hlutverk kennara í verkefninu var að vinna skipulega að innleiðingu og notkun þeirra í sérkennslu og / eða með nemendum með frávik. Í því fólst:

- | | |
|-----------------------------------|------------------------------------|
| - Prófa ný verkefni. | - Þátttaka í fræðslu. |
| - Leita að forritum sem nýtast. | - Þátttaka í sameiginlegum fundum. |
| - Prófun forrita. | - Dagbókarskrif. |
| - Undirbúningur og mat á kennslu. | - Þátttaka í gerð lokaskýrslu. |

Tengiliðir skuldbundu sig til að vinna að verkefninu í vinnutíma og að halda dagbók um notkunina. Hver tengiliður fékk heimild til að ráðstafa allt að 3000 kr. til að geta keypt forrit. Tölvudeild annast uppsetningu nauðsynlegs búnaðar ásamt ráðgjöf um notkun.

Kveðið var á um að skila sameiginlegri skýrslu um verkefnið vorið 2013 ásamt tillögum um stefnu Hafnarfjarðarbæjar næstu tvö ár varðandi notkun spjaldtölva í skólastarfi með tilliti til sérkennslu. Tengiliðir tækju þátt í skýrslugerðinni en sérkennslufulltrúar myndu annast sjálf skrifin.

3. Fræðsla og samráð

- **Samráðsfundir leik- og grunnskóla:**
6. mars (féll niður vegna ófærðar), 6. maí og 31. maí.
- **Fræðslufundir fyrir leik- og grunnskóla:**
20. febrúar Norðlingaskóli, skólabing Epli. <http://olafu1.wix.com/skolathing#>
12. mars Sigrún Jóhannsdóttir frá Tölvumiðstöð fatlaðra,
www.tmf.is/ / <http://tmf.is/pages.php?idpage=555>
- **Samráð og dagbók fyrir leik- og grunnskóla:**
Sett upp Fésbokarsíða til samráðs (<https://www.facebook.com/groups/331545456945809/>)
Sérkennslufulltrúar höfðu óformleg samráð við tengiliði hver í sínum skóla.
- **Skýrsla:**
Allir þátttakendur skiluðu skýrslum um verkefnið til sérkennslufulltrúa sem þessi skýrsla byggir á. Þátttakendur lásu yfir drög að lokaskýrslu.

4. Hvernig voru spjaldtölvurnar notaðar?

Kennrarar voru strax mjög áhugasamir og byrjuðu að feta sig áfram og prófa spjaldtölvunar í vinnu með nemendum. Til að geta virkjað spjaldtölvuna og hlaðið inn smáforritum þarf að vera til staðar

þráðlaus netaðgangur. Fljótt kom í ljós að slík nettenging í skólunum var vandamál og ekki til staðar í neinum skólanna. Kennrarar þurftu að mestu leyti að hlaða niður forritum heima hjá sér.

Þann tíma sem verkefnið stóð yfir safnaðist mikil reynsla og kennrarar prófuðu notkun spjaldtölvanna með fjölbreyttum hætti. Þó að verkefnið ætti að einskorðast við sérkennslu nýttu kennrarar bæði í leik- og grunnskólum spjaldtölvunnar fyrir fjölbreyttan hóp nemenda enda möguleikarnir fjölmargir.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu atriðum varðandi notkun í skólunum en upplýsingar úr skýrslum og úr fundargerðum samráðsfunda fylgir sem *fylgiskjal* 2. Í *fylgiskjölum* 3 – 7 er síðan gerð grein fyrir þeim forritum sem kennrarar notuðu í verkefninu og í *fylgiskjali* 8 er dæmi um skemmtilega framsetningu á dagbók frá kennurum í Hraunvallaskóla. Nákvæmar upplýsingar um kostnað við kaup á smáforritum í spjaldtölvurnar liggja ekki fyrir en kostnaðurinn var óverulegur.

4.1 Sérkennsla í leikskólum

Í byrjun voru spjaldtölvurnar nær eingöngu notaðar í sérkennslunni en fljótlega vaknaði áhugi á að nota hana líka í almennu starfi (sjá kafla 4.2). Ákveðið var að útbúa stundatöflu fyrir spjaldtölvuna og þróunin varð því sú að spjaldtölvan var í stöðugri notkun á deildum leikskólanna. Mikill áhugi var um allt í tengslum við spjaldtölvurnar og þær nýttust vel bæði í sérkennslu og í almennu starfi. Í öðrum leikskólanum var ákveðið að vera með einn aðgang fyrir spjaldtölvurnar, þá þurfti ekki að borga oftar en einu sinni fyrir hvert smáforrit. Auk þess var hægt að samnýta aðgang að Dropbox¹ og þeim forritum sem talað er inná eða unnið með á annan hátt. Í stað Dropbox má nota Moodle². Spjaldtölvan nýttist einnig við upptöku á myndefni í tengslum við greinargerð vegna barna fyrir Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, sem myndavél í gerð námsefnis í sérkennslu og sem tæki við upplýsingamiðlun (facebook færslur).

Spjaldtölvan þótti „frábær viðbót“ í sérkennsluna, hún þótti virka mjög hvetjandi á börn sem erfitt er að fá í samvinnu til dæmis í málörvun, vinnu með fínhreyfingar, athygli, einbeitingu og úthald. Ýmis smáforrit voru nýtt við innlögn varðandi svo sem flokkun, liti, tölur, bókstafi, ljósmyndir, félagsfærnisögur, sögugerð, málörvun, myndbandssýnikennsla (video modeling), tímaröð, minnisgeymd, skapandi vinnu, endursögn o.fl.

Spjaldtölvan var nýtt sem skráningarforrit vegna atferlismeðferðar fyrir einhverfa (Catalyst), í námsgagnagerð og sem hvatning (token borð).

¹ Dropbox er geymslustaður fyrir gögn á Veraldarvefnum. Stofna þarf aðgang í tölvu og síðan er hægt að nálgast gögnin hvar sem er úr mismunandi tölvum. Tölvudeild benti á að sá geymslustaður er utan við öryggiskerfi bæjarins og enginn veit hvað verður um þessi gögn eða hversu öruggur aðganguðurinn er.

² Moodle er vefur til að halda utan um gögn sem nú þegar er til fyrir skóla í Hafnarfirði. Hægt er að nota Moodle á svipaðan hátt og Dropbox. Auk þess er hægt að vista gögn eins og önnur gögn bæjarins og þá eru uppfylltar kröfur um öryggi.

4.2 Almenn kennsla í leikskólum

Í almennri kennslu var almenn ánægja með spjaldtölvuna og hún þótti líka „frábær viðbót“ við fjölbreytta kennsluhætti. Spjaldtolvan þótti henta vel í vinnu með tvítyngdum börnum.

Sömu smáforrit og notuð voru í sérkennslu var hægt að nýta við innlögn á efni eins og lýst var í kafli 4.1 auk þess sem notuð voru ýmis þemategnd smáforrit. Sem dæmi um notkun var að hægt er að senda upptöku úr leikskólastarfinu á netið þannig að foreldrar geti sótt og horft á börnin sín. Búinn var til aðgangur að Dropboxi og foreldrum send aðgangsorð.

4.3 Sérkennsla í grunnskólum

Spjaldtolvur voru prófaðar í kennslu í tveimur sérdeildum, í sérkennslu í öðrum bekk og í tveimur bekkjum þar sem voru nemendur með miklar sérþarfir. Almennt nýttist spjaldtolvan í fjölbreyttum viðfangsefnum. Nemendur tóku spjaldtölvunni fagnandi og hún sem kennslutæki eykur greinilega áhuga, einbeitingu og úthald nemenda auk þess að gefa möguleika á fjölbreyttari verkefnum.

Spjaldtolvan nýttist vel í að skipta tínum í stuttar vinnulotur þar sem vinna má með stærðfræði, orðaforða, frásagnir, ritun og svo framvegis auk þess sem val var vinsælt. Nemendur unnu þjálfunarverkefni í íslensku og stærðfræði bæði einstaklingslega eða með leiðsögn kennara. Kennrarar tvítyngdra nemenda undirbjuggu verkefni til að æfa orðaforða. Þessi verkefni gátu ófaglærðir starfsmenn lagt fyrir eftir að hafa fengið þjálfun og nemendur merktu við á sérstökum gátlista það sem þeir unnu. Sama gilti um verkefni í til dæmis í ensku og öðrum bóklegum greinum. Kennrarar undirbjuggu verkefnin en börnin gátu unnið einstaklingslega og/eða undir eftirliti kennara eða annars starfsfólks.

Nemendum líkaði mjög vel að vinna með myndasögur og ritun samhliða. Mörgum finnst lyklaborðið óaðlaðandi en hægt er að kaupa og tengja sérstök lyklaborð við tölvurnar. Spjaldtolvur auðvelda nemendum sem ekki hafa mikið vald á ritun öll samskipti og úrvinnslu verkefna. Fyrir yngstu nemendur er nú þegar til fjölbreytt úrval forrita sem hægt er að tala inn á eða vinna með á annan hátt í lestrar- og ritunarkennslu.

Spjaldtolvan er mjög hentug fyrir nemendur með skert boðskipti/tjáningu. Kennari getur tekið upp myndbönd eða tekið myndir í skólanum sem barnið getur sýnt fjölskyldu og foreldrar rætt við barnið um skóladaginn. Sama má gera heima til notkunar í skóla.

Margir kennrarar töluðu um hve vel spjaldtolvurnar hentuðu nemendum með athyglisbrest og ofvirkni (ADHD). Vinnusemi, athygli, úthald og einbeiting jókst mikið. Spjaldtolvur hjálpa nemendum með ýmis frávik að halda utan um öll gögn sín.

Margir nýttu spjaldtolvurnar til að útbúa félagsfærnisögur fyrir nemendur á einhverfurófi. Myndræn fyrirmæli henta slíkum nemendum mjög vel. Þegar tveir eða fleiri vinna með sömu vélina æfa nemendur líka að skiptast á.

Deildarstjóri sérkennslu var með sérstaka stundatöflu fyrir notkun spjaldtölvanna, og tölvurnar nýttust þannig mörgum nemendum.

4.4 Notkun í almennum bekkjum í grunnskólinn

Í kennslu og starfi inni í bekk nýttust spjaldtölvurnar að mörgu leyti með svipuðum hætti og í sérkennslu. Auk þess hafa þær mikla kosti varðandi alla hópavinnu og gefa nemendum möguleika á að vinna og skila fjölbreyttum verkefnum (myndasögur, stuttmyndir, hljóð- og/eða myndupptökur o.fl.) Öll úrvinnsla, til dæmis með í kvíkmyndagerð, er orðin mjög auðveld og margir nemendur hafa þá tækni nú þegar á valdi sínu. Nemendur geta hlustað á námsefni einir eða kennari spilað það fyrir allan bekkinn og hægt er að varpa kennsluefni á vegg (hægt að tengja við skjávarpa). Spjaldtölvur eru viðbótarverkfæri sem gefa aukna möguleika og voru til dæmis nýttar sem sem kennslugagn á einni stöð í hringekjukennslu. Mörg forrit hjálpa nemendum að skrifa glósur eða aðalatriði úr texta á myndrænan hátt og þetta hentar til dæmis mjög vel fyrir nemendur með lesraskanir.

5. Kostir og hindranir

Eins og fram hefur komið var almenn ánægja með að fá spjaldtölvur til notkunar í skólastarfi og spurningin „... verður hún tekin af mér aftur?” kom ítrekað upp. Ekkert er þó fullkomið undir sólinni og hér á eftir er gerð tilraun til að draga saman það helsta sem kom í ljós í þróunarverkefninu varðandi kosti og galla spjaldtölva í sérkennslu í skólastarfi.

5.1 Kostir spjaldtölvunnar í skólastarfi (sérkennsla)

- Þær eru handhæg, lítil og meðfærileg, hraðvirk, auðveld og einföld í notkun, engar snúrur fylgja.
- Þær eru einfalt fjölnotatæki sem að ýmsu leyti geta komið í stað hefðbundinna tölva, myndavéla og upptökutækja.
- Þær bjóða upp á fjölbreyta möguleika í vinnu með börnunum.
- Fjöldi smáforrita er til fyrir þær sem auka möguleika á einstaklingsmiðun í námi.
- Nemendur fá endurgjöf strax á verkefni sín (gagnvirkni), spjaldtölvurnar hafa aðráttarafl, auka vinnu og afköst og henta vel sem umbun.
- Nemendur geta lært á sínum hraða og jafnvel þegar þeim hentar.
- Spjaldtölvurnar virðast auka mjög úthald og árangur nemenda, ekki síst nemenda sem forðast ritun og vinnubækur.
- Spjaldtölvurnar virkar mjög hvetjandi á börn sem erfitt er að fá í samvinnu.
- Spjaldtölvur henta vel og eru einfaldar í notkun til að taka upp speglaða kennslu.

- Ein spjaldtölva getur virkað sem „móðurvél“ annarra sem eru í notkun á sömu stofnun og hægt að stilla spjaldtölvur þannig að þær sæki sjálfkrafa forrit sem sótt eru á „móðurvélina“.
- Ýmis hentug smáforrit eru til fyrir spjaldtölvur sem halda utan um skráningar af ýmsu tagi, til dæmis forritið *Catalyst*, sem heldur utan um skráningar í atferlisþjálfun nemenda á einhverfurófi í leikskólum.
- Gríðarlegur fjöldi smáforrita er til sem bjóða upp á fjölbreytta möguleika og stöðugt bætast ný forrit við.
- Þær eru hentugt vinnutæki fyrir kennara og stjórnendur. Kennrarar geta sett upp kynningar, notað vefinn þar er margt að finna varðandi lönd og landslag, himingeyminn og stjörnurnar, mannlíkamann, tónlist, verkgreinar og svo framvegis

5.2 Hindranir varðandi notkun spjaldtölvunnar í skólastarfi (sérkennslu)

Þessi atriði komu fram sem hindrun í notkun spjaldtölva í sérkennslu:

- Það vantar þráðlaus net í skólana. Kennrarar þurfa að undirbúa sig heima og hlaða niður smáforritum á eigin aðgangi.
- Hraunvallaskóli var valinn í verkefnið þar sem þar átti að vera góður netaðgangur en það reyndist rangt. Í nokkrum skólum eru til þráðlausir sendar sem duga fyrir niðurhalds og tengingar. Slíkur sendir í Öldutúnsskóla virkar til dæmis á takmörkuðu svæði.
- Ekki var hægt að tengja spjaldtölvur inn á innra net skólanna og því þarf í raun að setja upp tvöfalt net. (Hins vegar er möguleiki að tengja spjaldtölvur gegnum 3G.)
- Apple tæki (Ipad) þýðast ekki vel aðrar tölvur sem eru ekki frá sama fyrirtæki. Apple virðist vera betri kostur en aðrar spjaldtölvur sem notast við android-stýrikerfið en það helgast fyrst og fremst af þeim smáforritum sem þegar eru komin á markað.
- 16 Gb spjaldtölva rúmar ekki nægilega mikið af gögnum en dugir ef fundin er lausn á hvar eigi að geyma gögn.
- Mörg dæmi um ófullkomin forrit eða forrit með ákveðna galla. Til dæmis duttu allar fundaskráningar út hjá öðrum sérkennslufulltrúanum. Ekki borgar sig að nota ókeypis forrit.
- Gæta þarf vel að því þegar forrit eru uppfærð, þá tapast öll fyrri gögn forritsins nema búið sé að velja annað.
- Spjaldtölvuþróun er mjög hröð þessi misserin, mikið framboð er á smáforritum, stöðugt bætast ný við og stundum erfitt að vinsa úr það sem virkilega kemur að notum.
- Lítið er til af íslenskum forritum og sérstaklega skortir forrit sem tengjast lestrarkennslu.

6. Tillögur

Skyrsluhöfundar telja að í framtíðinni verði spjaldtölvan almenningseign. Það sem hins vegar þarf að skoða er hvort skólar eða nemendur (foreldrar) leggi til þessi tæki í skólastarfinu. Skólaskrifstofan fær í vaxandi mæli fyrirspurnir og óskir frá foreldrum og skólum almennt um spjaldtölvur, en sérstaklega frá foreldrum nemenda með fatlanir af ýmsu tagi. Við erum farin að fá til okkar nemendur sem hafa nú þegar notað spjaldtölvur í skólum utan Hafnarfjarðar.

Það er einróma niðurstaða þeirra sem tóku þátt í þessu þróunarverkefni að spjaldtölvur séu frábær viðbót við skólastarfið í heild. Allir vilja fá að halda sínum tölvum og skólnir vilja í raun fleiri. Tölvurnar nýtast nemendum bæði í almennu námi og í sérkennslu.

6.1 Tillögur um næstu skref

- Hver skóli hafi til umráða ákveðinn fjölda spjaldtölvu í sérkennslu. Setja má viðmið eftir fjölda nemenda.
- Sérdeildir fái til umráða spjaldtölvur. Setja má viðmið eftir fjölda nemenda.
- Einstaklingstölvur – nemendur sem vegna fötlunar þurfa á sérhæfðum búnaði að halda geta þurft að hafa spjaldtölvur allan skóladaginn þar sem hagkvæm tækni er komin sem greinilega eykur gæði náms fyrir þau (sbr. ákvæði í reglugerð um nemendur með sérþarfir 585/2010).
- Skoða þarf sérstaklega hvaða tegund af spjaldtölvum henti best til framtíðar í skólastarfinu. Valið í dag stendur á milli Ipad eða Android tölva og flestir eru þeirrar skoðunar að Ipad hafi þar verulegt forskot (fyrir utan verðið). Fulltrúar tölvudeildar hafa hins vegar bent á nýjar spjaldtölvur á markaðnum sem eru með Windows 8 (og íslenskupakka) sem geta tengst inn á innra net skóla og stofnana. Þennan kost þarf að kanna nánar.
- Hafa þarf í huga við val á spjaldtölvum fyrir starfsfólk skóla þann möguleika að geta nýtt spjaldtölvurnar með skjávörpum (þótt þeir séu reyndar af mjög skornum skammti í verkefnisskólunum eins og staðan er núna).

6.2 Til viðbótar

- Hver leikskóladeild hafi spjaldtölvur til umráða til notkunar í almennu starfi.
- Í hverjum grunnskóla verði ákveðinn fjöldi spjaldtölvu til notkunar í almennu bekkjarstarfi.
- Framundan er endurnýjun á tölvukosti skólanna. Skoða þarf hvort spjaldtölvur komi að einhverju leyti í stað hefðbundinna tölva.

6.3 Til umhugsunar

Spjaldtölvan er mjög góð viðbót og eykur fjölbreytni í námi og kennslu. Hins vegar vakna ýmsar spurningar. Hver á að fá spjaldtölvu í hendurnar vegna frávika og hver ekki? Hver á að skilgreina viðmið og hvernig verður það gert? Eiga allir kennarar að hafa sína spjaldtölvu? Spjaldtölvur koma

ekki í öllum tilvikum í stað hefðbundinna tölva. Skoða þarf vel hvernig þessar tvær tegundir spila saman. Sú spurning er líka áleitin hvort spjaldtölvan verði í framtíðinni hluti af námsgögnum hvers nemanda, að minnsta kosti hluta skólagöngunnar, sem hann leggur sjálfur til líkt og reiknivél eða pennaveski í dag.

7. Lokaorð og þakkir

Í fylgiskjali 9 er listi yfir ýmiss konar ítarefni og skýrslur sem kunna að varpa frekara ljósi á rök með eða móti notkun spjaldtölva í skólastarfi. Það er ljóst að þróunin er mjög hröð og ef til vill tekur samfélagið völdin af skólunum því margt bendir til þess að spjaldtölvur séu nú þegar orðin að almenningseign og þær séu til á meirihluta heimila.

Sérkennslufulltrúar á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar þakka fyrir að að þetta verkefni var sett á laggirnar. Kennurunum sem þáttóku og skólunum eru þökkuð vel unnin störf og mikill áhugi á verkefninu. Þá viljum við þakka tölvudeild fyrir þeirra framlag til verkefnisins.

Hafnarfirði, 26. júní 2013.

Björk Alfreðsdóttir

Björk Alfreðsdóttir sérkennslufulltrúi leikskóla á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar.

Helgi Gíslason

Helgi Gíslason sérkennslufulltrúi grunnskóla á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar.

Fylgiskjöl

- Fylgiskjal 1 Samningur við Hraunvallaskóla
- Fylgiskjal 2 Upplýsingar um notkun í leik- og grunnskólum
- Fylgiskjal 3 Smáforrit sem leikskólar nýttu sér
- Fylgiskjal 4 Smáforrit sem Hraunvallagrunnskóli nýtti sér
- Fylgiskjal 5 Verkefni unnin í Ipad frá Öldutúnsskóla
- Fylgiskjal 6 Verkefni Ipad frá sérdeild Öldutúnsskóla
- Fylgiskjal 7 Þjálfunarverkefni í spjaldtölvum í ensku Öldutúnsskóla
- Fylgiskjal 8 Dagbók 7. bekkjar í Hraunvallaskóla
- Fylgiskjal 9 Ítarefni

Fylgiskjal 1:

Tilraunaverkefni með notkun spjaldtölva í sérkennslu

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar og Hraunvallaskóli gera með sér eftirfarandi samning um prófun á notkun spjaldtölva í skólastarfi:

Verkefnið

Markmið verkefnisins er að prófa spjaldtölvur í skólastarfi með áherslu á notkun í sérkennslu. Verktími er febrúar – júní 2013.

Hraunvallaskóli skuldbindur sig til að taka við 4 spjaldtölvum og velja ákveðna kennara til að vinna með þær. Hlutverk kennara í verkefninu er að vinna skipulega að innleiðingu og notkun þeirra í sérkennslu og / eða með nemendum með frávik. Í því felst:

- Prófa ný verkefni.
- Leit að forritum sem nýtast.
- Prófun forrita.
- Undirbúningur og mat á kennslu.
- Pátttaka í fræðslu.
- Pátttaka í sameiginlegum fundum.
- Dagbókarskrif.
- Pátttaka í gerð lokaskýrslu.

Hraunvallaskóli velur tengilið verkefnisins. Tengiliðir Skólaskrifstofu eru sérkennslufulltrúar leik – og grunnskóla. Sérkennslufulltrúar hitta þátttakendur í verkefninu eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði á verktímanum. Fyrsti fundur ásamt fulltrúum tölvudeildar Hafnarfjarðarbæjar verður haldinn miðvikudaginn 6. mars kl. 14.

Viðkomandi tengiliðir og kennrarar skuldbinda sig til að vinna að verkefninu í vinnutíma, ásamt því að nýta endurmenntunartíma og annan skilgreindan vinnutíma í samráði við skólastjóra. Kennrarar halda dagbók um verkefnið á sérstakri fésbókarsíðu.

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar býður kennurum upp á fræðslu um notkun spjaldtölva í allt að tvö skipti.

Tölvudeild annast uppsetningu nauðsynlegs búnaðar ásamt ráðgjöf er lítur að notkun. Fulltrúi tölvudeilda afhendir kennara spjaldtölvu til afnota í kennslu. Kennrarar kvitta fyrir móttöku. Kennrarar fá jafnframt ákveðna upphæð til afnota svo þeir geti keypt forrit.

Í júní á að skila sameiginlegri skýrslu allra þátttakenda (2 grunnskólar og 2 leikskólar) um verkefnið ásamt tillögum um stefnu Hafnarfjarðarbæjar næstu tvö ár varðandi notkun spjaldtölva í skólastarfi með tilliti til sérkennslu. Tengiliður og kennrarar taka þátt í skýrslugerðinni en sérkennslufulltrúar annast sjálf skrifin.

Hafnarfirði, _____. febrúar 2013,

Fræðslustjóri

Skólastjóri

Fylgiskjal 2:

Próunarverkefni um spjaldtölvur í sérkennslu – listi yfir aðferðir og verkefni sem fjallað var um á samráðsfundum

a) Leikskólinn

- Í öðrum leikskólanum gáfu Kiwanismenn tvær spjaldtölvur til viðbótar. Þær voru notaðar tvær og tvær saman og gengu milli deilda.
- Upptaka úr leikskólastarfinu, sett á netið þannig að foreldrar geti sótt og horft á börn sín
- Búa til félagsfærni sögur
- Catalyst – skráningarforrit vegna atferlisþjálfunar nemenda með einhverfu. Forritið virkar bara á Apple. Það þarf að kaupa mánaðarlega áskrift.
- Spjaldtölvan mjög góð til að vinna í málörvun með tvítyngdum börnum.
- Hentar mjög til að nota í málörvun, búa til sögur í tímaröð.
- Leikskóli – hentar að setja ipad á hverja deild.
- 5 ára spora stafi, æfa fínhreyfingar og læra stafina.
- BitsBoard – nýtist mjög vel í málörvun, mikil ánægja nota það mikið. Þar hefur orðið til mikill gagnagrunnur á íslensku.
- Nota sem upptökutæki
- Nota Ipada til að kenna jákvæða hegðun – upptökur eða myndir sem sýna „réttu” hegðun, leik, „video – modeling”.
- Notuð til að búa til eigið efni
- Haldnir voru sérstakir undirbúningsfundir til að ræða hvernig spjaldtölvurnar nýttust – miðlun hugmynda milli deilda.
- Börn þurfa að læra að umgangast tækið.
- Mikil notkun – spennndi og nýtt – góð viðbót.
- Myndavél – nýttist í gerð málörvunarverkefna.
- Tækin voru fyrst hugsuð í sérkennslu en síðan kom í ljós að þau nýttust öllum og gengu milli deilda. Gerð var stundaskrá fyrir spjaldtölvurnar og þær í stöðugri notkun allan tímann.
- Orðaskil – hægt er að færa niðurstöður inn á spjaldtölvuna sem sparar mikla vinnu.
- Myndband af barni tekið upp í leikskóla og sent á Greiningarstöð með því að nota DropBox.
- Fullt af sögum þar sem á að raða myndum í atburða eða tímaröð, sparar að prenta út, plasta og klippa niður fullt af myndum.
- Leikskólastjóri getur nú svarað tölvupósti heima.
- Foreldrar eru mjög jákvæðir og spenntir.

- Slæmt að vera ekki nettengd.

b) Grunnskólinn

- Nýtist sem orðaforða kennsla fyrir nýbúa. Kennari gat undirbúið ákveðin verkefni og kennt til dæmis stuðningsfulltrúum að leggja verkefnin fyrir. Í þessu reyndist Bitsboard mjög gott forrit. Nemendur gátu unnið einstaklingslega.
- Sama gildir um námsverkefni í ensku – aðrir en kennarar gátu lagt verkefnin fyrir, nemendur unnu verkefnin og merktu við á gátlista.
- Enskuverkefni í spjaldtöluv henta vel fyrir 9 – 10 ára, það er þegar þau eru að taka fyrstu skrefin í ensku. (Bæði í almennum hópi og sérkennslu).
- Á unglingsastigi, í sérdeild, nýtturst spjaldtölvurnar best varðandi stærfræði og ensku. Nemendur fundu fljótlega út að gott var að nota reiknivél um leið og þeir leyst verkefni á spjaldtölву. Mikill kostur við stærðfræðiforritin að endurgjöf kemur strax.
- Í sérdeild fyrir unglingsa nýttust spjaldtölvur einnig vel varðandi íslensku og þjálfun vinnubragða. Skrift + ísl. Í sérdeild.
- Spjaldtölvur nýttust vel í íslenskukennslu í 2. bekk.
- Spjaldtölvur eru mjög hvetjandi sem umbun.
- Það er hægt að stjórna aðgangi að neti.
- Deildarstjóri sérkennslu var með sérstaka stundatöflu fyrir notkun I-pad, gekk þannig á milli nemenda. Hins vegar þurfit deildarstjórin að sjá um undirbúning því starfsfólk hafði ekki alltaf aðgang.
- Nýtist mjög vel með yngri nemendum, hægt að nota sem þjálfun án þess að fagmaður starfsmaður sé til staðar (en undirbýr).
- Grunnskóli keypti skjávarpatengi – handhægt fyrir kennara að nota í kennslu.
- Mest unnið með forrit sem kennarar hlóðu niður heima.
- Kennari í náttúrufræði nýtti ýmislegt af netinu – auðvelt í notkun með skjávarpa þar sem skólinn hafði keypt viðeigandi búnað svo spjaldtölvan gæti tengst skjávarpa.
- Í Hraunvallaskóla áttu kennarar í 7. Bekk að nota tækið með nemendum með sérþarfir sem sáu fljótt að það nýttist öllum nemendum (hópavinna, einstaklingsverkefni, umbun). Kennurum fannst erfitt að velja nemendur úr og vildu leyfa öllum að prófa.
- Einfalt að setja inn hljóðbækur af nams.is og hægt að spila fyrir allan hópinn.
- Auðvelt að útbúa myndasögur.
- Virka vel fyrir nemendur sem ekki kunna að skrifa.
- Nem gerðu stuttmynd í dönsku. Mæla ekki með imovei, videoefx kom betur út. Verkin sett á netið þannig að nemendur og foreldrar geta skoðað þau heima.

- Nýttist vel til að vinna með aðalatriði úr texta til dæmis í samfélagsfræði og íslensku.
- Hentar vel fyrir nemendur (drengi) sem tolla illa við bækur.
- Glósuforrit.
- Fær ótrúlegustu börn til að gera allt mögulegt.
- Skráð í mentor gegnum tækin – gekk vel.
- Næsti vetur – hugmynd um val á unglingsastigi – vinna með spjaldtölvur.
- Einfaldar bækur þýddar og jafnvel talað inn á.
- Best er að setja upp lista í hvaða forritum viðkomandi nemandi á að vinna í hverjum tíma og síðan gæti verið umbun að velja sjálfur.
- Íslenskukennsla í hringekju með 2.bekk. Öll börnin voru mjög áhugasöm í vinnu með tölvuna, vandamálið var frekar að fá þau til að hætta og skipta um stöð. Hentaði sérstaklega vel fyrir börn með ADHD, úthald við vinnu var mun meira en við önnur verkefni. Það var líka skemmtilegt með mörg forritin að börnin fengu strax endurgjöf á verkefnið sem þau voru að vinna og það hvatti þau til að reyna betur næst. Yfirleitt unnu þau í einu til tveimur forritum í hverri lotu (15 mín), einstaklingslega.
- 2. Bekkur: Flest börnin í þessum hópi áttu mjög erfitt með athygli og úthald við vinnu og því var tölvun umbun fyrir þá sem héldu sig best að verki eftir hverjar 10 mín (fengu tölvuna í ca. 5-10 mín). Vinnusemi margra stórbatnaði enda var það mjög eftirsóknarvert að fá tölvuna í umbun og í raun gátu allir í hópnum fengið tölvuna einu sinni í hverri lotu ef þeir unnu sín verkefni.
- Hentugur við að skipta tímum í stuttar vinnulotur því úthaldið er oft ekki mikið. Til dæmis fyrst unnið í íslensku eða smáforriti sem þjálfar málörvun t.d. orðaforða, síðan í stærðfræði í og að lokum fá nemendur að velja leik.
- iPadinn er hentugur til þjálfunar í boðskiptum / tjáningu. Þá tekur kennari myndir og myndbönd í skólanum sem barnið getur sýnt fjölskyldu og foreldrar rætt við barnið um skóladaginn. Foreldrar geta líka tekið upp myndbönd og tekið myndir sem kennari skoðar með nemenda og hvetur til tjáningar.
- Þroskaþjálfí prófaði speglaða kennslu þá tók hún upp innlögn og foreldrarnir horfðu á með barninu heima.
- Góð fínhreyfingarforrit viðbót við klippi og perludótið sem krakkarnir eru orðir svo leiðir á.
- Umbun: Þau sem höfðu lesið heima fengu að fara í iPadinn í nokkrar mín. Í upphafi skóladags.

Fylgiskjal 3:

Leikskólar - Skrá yfir smáforrit sem nýttust við kennslu

Við erum með í notkun um 70 forrit í þessum flokkum:

- | | |
|------------------------|-------------------|
| 1. <i>Stærðfræði</i> | 9. Teikniforrit |
| 2. <i>Flokkun</i> | 10. Hljóðaleikir |
| 3. <i>Minnisleikir</i> | 11. Mál, lestur |
| 4. <i>Eins/Ólíkt</i> | 12. Tilfinningar |
| 5. Púsl | 13. Litir og form |
| 6. Kríli | 14. völundarhús |
| 7. Bækur | 15. Umbun |
| 8. Sögugerð | 16. Störf |

ProxTalker

- samskiptaforrit /óhefðbundnar tjáskiptaleiðir. Höfum ekkert notað það en það var frítt í takmarkaðan tíma og því sótt

Move and match

- nýtist við námsgagnagerð

Token board

- smáforrit sem nýtist við atferlismeðferð/pjálfun

Bitsboard

- þarfnað ekki útskýringar við :)

Catalyst

- frábært kerfi sem heldur utan um skráningu nemenda í atferlismeðferð, einnig gott í hegðunarskráningu

Videoeditor

Dropbox

Bitsboard

- nýtist vel í málörvun og einnig vel fyrir tvítyngdu börnin

Pre K Colors

- flokkunarforrit sem nýtist vel í para, flokka og telja. Nýtist sérlega vel í sérkennslu sem og almennri kennslu

It's me peter pan

- skapandi forrit sem kemur vel inná fínþreyfingar, liti og samhæfingu.

Little oddlers

- málörvunar og flokkunarforrit og nýtist vel í sérkennslu sem og almennri kennslu

Little puzzles

- þússla, pörun, málörvun og fínþreyfingar

African Plain

- framandi dýr þar sem nemendur auka á almenna þekkingu á framandi dýrum, nýtist vel í almennri kennslu og svo í einstökum málum í sérkennslu .

Monkey Preschool When I Grow Up

- málörvun og nýtist mjög vel í sérkennslu sem og í almennri

Moggies Lite

- tölustafir, stærðfræði og málörvun og einnig verið að vinna með fínþreyfingar og samhæfingu

Little for kids

- Bókstafir og verið að vinna með fínþreyfingar og pörun

Counting bear

- stærðfræði og málörvun - mjög gott stærðfræði forrit nýtist vel bæði í almennri kennslu og sérkennslu

iBooks

- sögugerð og fleiri til sem koma inn á þá þætti sem áður hafa verið tilgreindir

Fylgiskjal 4:

Hraunvallaskóli – sérkennsla (2. bekkur) – ýmis forrit sem nýttur í þróunarverkefni

Íslenska

- Bitsboard – ýmis verkefni á íslensku. Æfingar með hljóðblöndun, hljóðgreiningu, lestur og stafi. Einnig nýtast mörg þessara verkefna til að auka hugtakaskilning og málþroska.
- Forrit frá grasshoopers. Mörg skemmtileg forrit sem bjóða upp á þann möguleika að hægt er að breyta verkefnunum yfir á íslensku og tala inn á þau. Þau forrit sem ég nýtti mér voru: Little speller, Sight speller, Little reader, Word wizard, Toddler, Little sorter, Little puzzles, Little writer words og ABC alphabet lite. Þessi forrit hafa mismunandi áherslur æfa að spora stafina, stafabekkingu, lestur orða, ritun orða, hljóðgreiningu og hugtakaskilning. Lenti þó í því þrívegis að talsetningin hvarf úr þeim forritum sem ég var búin vinna með, var sagt að líklega væri það vegna þess að ég uppfærði þau sem er galli við þessi forrit enda mikil vinna sem fer í að talsetja þau.
- Story maker – keypti þetta forrit þar sem ekki er hægt að vista sögurnar í fríu útgáfunni. Börnin bjuggu til sínar eigin myndabækur og rituðu texta við myndirnar. Mjög skemmtilegt forrit sem vakti mikla lukku.
- Puppet pals- skemmtilegt forrit sem nýtist vel í sköpun og einnig hægt að nýta það í félagsfærni (félagshæfnisögur). Börnin geta valið sína eigin leikendur (jafnvel tekið myndir af sér eða vinunum og nýtt í söguna) og sögusvið í leikritið sem þau tala sjálf inn á. Hafði ekki tíma til að nýta þetta forrit að þessu sinni en kem til með að gera það á næsta skólaári.
- Leo's pad – skemmtilegt og vandað forrit þar sem barnið þarf að leysa hin ýmsu verkefni tengd formum, litum, stöfum og töldum. Er nokkurs konar teiknimynd, hægt er að fylgjast með framförum barnsins. Forritið er þó talsett á ensku og því verður maður að vera með barninu og útskýra hvað á að gera hverju sinni.

Stærðfræði

Finger count, Math kid, Mathbugs, Montessori numbers, Hungry fish og Math versus zombie sem var vinsælasta forritið ásamt Hungry fish.

Önnur forrit

- Tasty tadpoles – skemmtilegt forrit sem æfir hreyfingar um skjáinn. Ætlað yngstu börnunum.
